

Þróunarsjóður innflytjendamála 2014

Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Staða Litháa á íslenskum vinnumarkaði og í íslensku samfélagi

Nafn styrkþega: Karl Sigurðsson

Útdráttur:

Gerð var opin vefkönnun meðal Litháa sem búsettir eru á Íslandi um þætti sem tengjast stöðu þeirra á vinnumarkaði, kjör, aðstæður og atvinnuöryggi, tegundir starfa og fleira í þeim dúr. Einnig var spurt um menntun og hæfni fólks auk upplýsinga um fjölskylduaðstæður og ástæður búferlaflutninga og fyrirætlanir þeirra bæði við komuna til Íslands og eins að lokinni nokkurra ára búsetusögu. Nothæf svör fengust frá 270 einstaklingum.

Megin niðurstöður könnunarinnar eru að fyrst eftir komuna til landsins sinna Litháar fyrst og fremst störfum sem ekki krefjast mikillar menntunar og hæfni, s.s. almenn byggingarvinna og verksmiðjustörf, þrif og ræstingar, fiskvinnslustörf og uppvask, afgreiðsla og ýmis þjónustustörf á veitingahúsum. Margir þeirra hafa hins vegar margskonar framhalds- og háskólamenntun sem ekki nýtist þar með í starfi. Þeir Litháar sem hingað fluttust fóru margir hverjir úr störfum sem voru í meira samræmi við hæfni þeirra og menntun, en ákváðu að flytjast búferlum af ýmsum ástæðum sem tengjast betri launum og lífskjörum almennt. Eftir því sem Litháar hafa búið hér lengur, því líklegra er að þeir fái starf sem er meira í samræmi við hæfni og menntun. Gildir það bæði um háskólamenntaða einstaklinga sem og iðnaðarmenn og aðra með framhaldsmenntun.

Helsta ástæða þess að Litháar með framhalds- og háskólamenntun eru ekki í starfi sem er í samræmi við menntun þeirra er fyrst og fremst að kunnátta í íslensku er ekki góð. Kunnátta í íslensku fer hins vegar jafnt og þétt batnandi eftir því sem búseta á Íslandi hefur varað lengur. Ýmsar aðrar niðurstöður er að finna í könnuninni, s.s. um að ef gift fólk/fólk í sambúð flutti til Íslands var það nánast alltaf karlmaðurinn sem flutti á undan, eða þá að sambúðarfólk flutti saman.

Project Title: Lithuanians on Icelandic Labour Market and in Icelandic Society

Name of Grantee: Karl Sigurðsson

Abstract:

An open survey was conducted among Lithuania residing in Iceland about factors related to their situation on the labour market and on the workplace, their employment, salaries, type of jobs and more. People's education and qualifications were also asked, as well as information on family circumstances and the reasons for migration and their intentions both on arrival in Iceland and after a few years of residence history. Valid answers were received from 270 subjects.

The main findings of the survey are that the first job of Lithuanians in Iceland is usually a job that do not require much education and skills like general job in construction and industry, cleaning and launching, fish processing and dishwashing and various catering services at restaurants. Many of them, however, have finished secondary and tertiary education not utilized at work. The Lithuanians who moved here had been in jobs which were more in line with their qualifications and education, but decided to move for a variety of reasons related to better pay and living standards in general.

As Lithuanians have lived here for longer, the more likely they are to get a job that is more in line with their skills and education. This applies to both university-educated individuals as well as craftsmen and others with further education.

The main reason why Lithuanians with upper secondary and tertiary education are not in a job that is in line with their education is that knowledge in Icelandic is not good. Knowledge in Icelandic, however, is steadily improving as their living in Iceland has lasted longer.

Various other findings can be found in the survey, such as that if married couples / cohabitants moved to Iceland, it was almost always the male who moved first, or that they both moved together.